



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

3. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn fimmtudaginn 18. október 2018 og hófst kl. 9,30. Fundurinn var haldinn í Hótel Örk í Hveragerði. Mætt voru Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Lýður Pálsson safnstjóri var þar einnig og skrifaði fundargerð. Fundargerðin var skráð í tölvu.

1. **Kostnaðaráætlun fyrir viðbyggingu við Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.** Kynnt var kostnaðaráætlun fyrir nýju 400 fm safnhúsi við Sjóminjasafnið á Eyrarbakka sem Guðmundur Hjaltason byggingafræðingur hjá Verkfræðistofunni Eflu hefur gert. Hús með kjallara og jarðhæð, geymslurými í kjallara, sýningarrými á jarðhæð, snyrtingar, skrifstofa og lyfta milli hæða, bygging hönnuð í sátt við nánasta umhverfi. Kostnaðaráætlunin hljóðar upp á 157 milljónir króna. Stjórn safnsins telur þennan kostnað of háan. *Samþykkt að kynna áætlunina fyrir Héraðsnefnd Árnesinga.*
2. **Búðarstígur 22, hluti.** Stjórnarformaður og safnstjóri sögðu frá viðræðum sínum við fulltrúa eigenda Búðarstígs 22 á Eyrarbakka sem almennt er kallað Alpan-húsið. Til greina kemur að kaupa austasta hluta hússins, 860 fm steinsteypta skemmu, að hluta eða öllu leyti á hagstæðu verði. Öll skemman 860 fm er fól á 60 milljónir króna en 430 fm á 40 milljónir króna. Í samtali við eiganda kom fram að til stendur að mála húsið og setja upp brunaheldan millivegg verði því skipt niður. *Safnstjóra og formanni falið að fylgja málinu eftir við Héraðsnefnd Árnesinga.*
3. **Bréf til Héraðsnefndar Árnesinga.** Lögð voru fram drög að bréfi safnsins til Héraðsnefndar Árnesinga varðandi lausn á húsnæðismálum. Kynnt er núverandi staða og þær þrjár mögulegar leiðir á lausn húsnæðismála sem ræddar hafa verið á síðustu fundum. Efni bréfsins var rætt og samþykkt að leggja það fram. Málefni bréfsins verður til umræðu á fundi Héraðsnefndar Árnesinga 22. október nk. *Stjórn og safnstjóri skrifuðu undir bréfið.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp, undirrituð og fundi slitið kl. 10.

*Árni Eiríksson
Eggert Valur Guðmundsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Lýður Pálsson*